FRÆÐSLA & FORVARNIR

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 30. október 2019.

Umsögn:Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011 (staðsetning áfengisverslunar) 53. mál, lagt fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019–2020.

Fræðsla og forvarnir telja umrætt frumvarp óþarft í ljósi þess að í áfengislögum (1998 nr. 75 með síðari breytingum-greinum 10 og 11); lögum um verslun með áfengi og tóbak (2011 nr. 86 – grein 10), sem umrætt frumvarp beinist að, og reglugerð um smásölu og veitingar áfengis (177/1999 - grein 4) er aðkoma og áhrif sveitarstjórna/sveitarfélaga á leyfisveitingu og staðsetningu áfengisverslana ÁTVR nú þegar tryggð.

Í áfengislögunum er aðkoma sveitarstjórna að ákvörðun um staðsetningu áfengisútsala ÁTVR orðuð afar skýrt, en þar segir í grein 10: Sækja skal um leyfi til rekstrar áfengisútsölu til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta er nánar útfært í grein 11 í sömu lögum þar sem segir: Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til rekstrar áfengisútsölu skal hún leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Í 11. greininni segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölustaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði.

Í lögum um verslun með áfengi og tóbak (2011 nr. 86 23. júní – grein 10), sem umrætt frumvarp beinist að, eru ákvæði 10. greinar áfengislaga orðrétt endurtekin: ÁTVR skal sækja um leyfi til rekstrar áfengisverslunar til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Í reglugerð um smásölu og veitingar áfengis (177/1999 – grein 4) eru ákvæði áðurnefndra greina í áfengislögunum og lögum um verslun með áfengi og tóbak enn einu sinni ítrekuð, þar sem segir:

> Umsókn um leyfi til rekstrar áfengisútsölu skal senda sveitarstjórn í viðkomandi sveitarfélagi. Áður en sveitarstjórn veitir leyfi skal hún leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar, sem lætur í té umsögn um fyrirhugaða staðsetningu áfengisútsölu.
> Sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölustaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði.

Ekki verður annað séð af þessu en að sveitarstjórnir hafi trygga aðkomu að ákvörðun um opnun verslana ÁTVR og geti hlutast til um þær, kjósi þær svo, hvort sem er vegna lýðheilsusjónarmiða, skipulags- og umhverfissjónarmiða eða öðrum ástæðum sem kunna að brenna á sveitarstjórnum.

Við minnum einnig á að í 11. grein reglugerðar um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (8. júlí, 2011) segir að ÁTVR starfi með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinni gegn skaðlegri neyslu áfengis. Fyrirkomulag áfengissölu, þar með talin staðsetning áfengisverslana, er sannarlega liður í slíkri ábyrgð og því mikilvægt að horft sé til þess að fyrirtækinu sé kleift að rækja það hlutverk sitt sem best og lýðheilsusjónarmið séu ráðandi á ákvörðunum í áfengismálum.

Fyrir hönd FRÆ-Fræðslu og forvarna.

Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

Þekking í þágu forvarna